

22. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 28. apríl 2011, kl. 17.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Gunnar Sigurðsson boðar forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 21. fundar frá 14. apríl sl. samþykkt.

2. Umsögn stjórnar FSÍ til menntamálanefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka á Íslandi.

Eftirfarandi umsögn er samþykkt: Fimleikasamband Íslands lýsir yfir ánægju með ofangreinda þingsályktunartillögu og þakkar menntamálanefnd Alþingis fyrir að senda samtökunum tillöguna til umsagnar.

Eins og menntamálanefnd þekkir gerir löggjöf hér á landi greinamun á æskulýðsstarfi og íþróttastarfi, sbr. íþróttalög nr. 64/1998 og æskulýðslög nr. 70/2007. Sama gildir um fjárveitingar ríkisins til þessarar starfsemi, sbr. að æskulýðsmál falla undir lið nr. 02-988-æskulýðsmál í fjárlagafrumvarpi ársins 2010 (fjárveiting að fjárhæð 199,4 millj. kr.) og íþróttamál undir lið nr. 02-989- ýmis íþróttamál (fjárveiting að fjárhæð 343.1 millj. kr.). Fimleikasamband Íslands (FSÍ) er eitt sérsambanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) en sambandið er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu, sbr. 5. gr. íþróttalaga nr. 64/1998. Fjárveitingar til ÍSÍ eru því af fjárlagalið 02-989-ýmis íþróttamál. Ýmis aðildarfélag/deildir innan vébanda FSÍ eru hins vegar einnig aðilar að Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) sem eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþróttá, sbr. 5. gr. laga nr. 64/1998. Innan sérsambanda ÍSÍ er mikill fjöldi barna og ungmenna og þar fer fram viðamikil uppeldis- og forvarnastarf. Af þeim sökum beinir FSÍ því til menntamálanefndar Alþingis að tillaga til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka nái einnig til íþróttamála (fjárlagaliður nr. 02-989) þannig að þau atriði sem úttektinni er ætlað að ná til beinist einnig að samtökum eins og ÍSÍ.

Að lokum. Vera má að heildarúttekt, sem hefur það að markmiði að beitt verði þarfagreiningu til grundvallar stefnumótun og ráðstöfun fjárveitinga í málaflokknum, leiði til þess að alvarlega verði skoðað að sameina samtök eins og ÍSÍ og UMFÍ með það að markmiði ná fram betri nýtingu fjármuna og öflugri heildarsamtökum í þágu æskulýðs- og íþróttastarfs til heilla fyrir börn og ungmenni á Íslandi.

Framkvæmdastjóra falið að senda umsögnin til nefndarsviðs Alþingis, nefndasvid@althingi.is

3. Formannafundur vorið 2011.

Málið var áður á dagskrá á 19. fundi stjórnar þann 17. mars sl. Boðað hefur verið til formannafundar laugardaginn 6. maí nk. Á fundinn eru boðaðir formenn aðildarfélaga/deilda og framkvæmdastjórar/yfirþjálfarar aðildarfélaga/deilda. Fundurinn verður haldin í íþróttahúsi Fylkis í Reykjavík. Dagskrá fundarins rædd og framkvæmdastjóra falið að senda aðildarfélögum dagskrá fundarins og þau gögn sem henni fylgja. Samþykkt er að á dagskrá

verði m.a. eftirfarandi mál: Formaður greinir frá helstu atriðum í starfi stjórnar, þ.m.t. kynning á verkferlum um val þátttekenda landsliða og/eða annara verkefna á vegum FSÍ í áhald- og hópþímleikum, kynning á samningi milli FSÍ og Arion banka, tækninefnd í hópþímleikum kynnir hugmyndir nefndarinnar um framtíðarsýn í landsliðsmálum í hópþímleikum.

4. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar haldin 23. – 30.júlí nk. í Tyrklandi.

Tillaga er frá tækninefndum í áhaldafímleikum karla og kvenna að senda þrjú keppendur á hvoru kyni á hátíðina. Stjórn felur tækninefndunum að tilnefna keppendur á mótið og vinna málið samkvæmt verkferlum um val þátttekenda landsliða og/eða annara verkefna á vegum FSÍ. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna tækninefndum um bókun þessa.

Auk keppendanna fara á mótið tveir þjálfara og tveir dómara. Aðalfararstjóri hópsins frá Íslandi kemur frá ÍSÍ. Ákveðið er að hópstjóri af hálfu FSÍ verði Sólveig Jónsdóttir.

5. Boð FIG til FSÍ um að senda tvo dómara á Heimsmeistaramót í áhaldafímleikum sem haldið verður í Tokyo 1.-17. október nk.

Stjórn FSÍ hefur borist bréf frá FIG (, dags. 30. og 31. mars sl., þar sem FSÍ er tilkynnt um að FIG hafi útnefnt Berglindi Pétursdóttur og Björn Magnússon sem eftirlitsdómara á mótið. Óskað er eftir að stjórn FSÍ staðfesti þátttöku þeirra að því gefnu að þau séu tilbúin til að taka að sér starfið.

Stjórn þakkar FIG gott boð. Fyrir liggur samþykki Berglindar og Björns og er framkvæmdastjóra falið að tilkynna FIG um að FSÍ samþykki að þiggja boð FIG.

Boð FIG gerir það að verkum að dýrmæt dómara-reynsla þessara einstaklinga mun skila sér til hreyfingarinnar og er því að mat stjórnar ekki þörf á að fleiri dómara fari til starfa á mótið að þessu sinni. Boð FIG er mikill heiður fyrir fímleikahreyfinguna á Íslandi og viðkomandi dómara. Stjórn óskar Berglindi og Birni velfarnar í störfum og biður hlutaðeigendur afsökunar á að dregist hefur að afgreiða mál þetta.

6. 16. alþjóðlega ungmennamót drengja í Berlín 2. apríl sl., val keppenda á mótið.

Mál þetta var áður á dagskrá stjórnar 3. febrúar sl., 17. mars sl., 31. mars sl. og 17. apríl sl. Gerð var athugasemd við val keppenda á mótið og var fjallað um málið og athugasemdir sem bárust stjórn á fundi 31. mars sl. Í framhaldi af því var bréfitara svarað formlega. Stjórn hefur borist bréf frá bréfitara, dags. 4. apríl sl., þar sem óskað er eftir að tekin verði afstaða til bréfsins á stjórnarfundum og bókað um afstöðu stjórnar.

Formaður vikur af fundum. Málið rætt og eftirfarandi afgreiðsla málsins samþykkt: Stjórn FSÍ vísar til bréfs stjórnar til bréfitara, dags. 31. mars sl., þeirra skýringa sem þar komu fram og vinnu sem framundan er til að tryggja fagleg vinnubrögð við val keppenda á erlend mót. Stjórn FSÍ mun því ekki fjalla frekar um mál þetta. Framkvæmdastjóra falið að kynna bréfitara ofangreinda bókun.

7. Mótahald í mars og apríl

Stjórn FSÍ þakkar fímleikadeildum Gróttu, Gerplu og Selfoss sem og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd bikarmótsins í hópþímleikum 2011 og Íslandsmótsins í hópþímleikum 2011 fyrir vel unnin störf. Glæsileg umgjörð Íslandsmótsins í Versölum í höndum Gerplu vakti sérstaka athygli.

8. Landslið kvenna á Norðurlandamót unglunga í áhaldafímleikum karla og kvenna sem haldið verður á Íslandi 30. apríl - 1. maí nk.

Tækninefnd kvenna í áhaldafímleikum hefur tilkynnt landsliðshóp kvenna á mótinu.

9. Framkvæmdaráðsfundur.

Framkvæmdaráðsfundur, sem vera átti þriðjudaginn 26. Apríl sl., en var frestað verður haldin þriðj dagskvöldið 3. maí nk., kl. 20.00 í fundarsal ÍSÍ í Laugadal.

10. Kynningarfundur vegna Eurogym 2012 í Portúgal.

Samþykkt er óska eftir nefnd um fimleika fyrir alla tilnefni fulltrúa á fundinn og þess óskað að viðkomandi verðir fararstjóri á hátíðinni. Framkvæmdastjóra er falið að senda nefndinni erindið.

10. Til kynningar.

- a. Tilkygning hefur borist um ráðstefnu um dómaraþingur kvenna og karla, Symposium code of points, sem haldin verður 17.-19. júní nk.
- b. Lagðir eru fram minnisþingur framkvæmdastjóra eftir fund fimleikasambanda Norðurlandanna sem fór 13.-14. apríl sl. í Kaupmannahöfn.
- c. Farið yfir skipulags- og framkvæmdaatriði vegna mótsins sem haldið verður 5. Norðurlandamót unglunga í áhaldafimleikum karla og kvenna sem haldið verður 30. apríl - 1. maí nk.
- d. Bréf ÍSÍ, dags. 12. apríl sl., þar sem tilkynt er um samþykkt úthlutunar úr sjóði Ólympíufjölskyldu fyrir árið 2011. Samþykkt var að veita FSÍ 250.000 krónur vegna landsliðsverkefna EM/HM og inneign hjá Icelandair að fjárhæð 125.000 krónur.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 12. maí nk., kl.16.15.

Fundi slitið kl.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.